

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 258/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Agnari Hólm Jóhannessyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Umferðarlög. Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1996 og krefst þygingar á refsingu ákærða og áréttingar á ævilangri sviptingu ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði staðfestur.

Krafa um ómerkingu héraðsdóms er reist á því, að dóminn kvað upp Skúli Magnússon, en hann var með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. janúar 1996 „settur til að gegna embætti dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness“ um eins árs skeið frá 15. september 1995 að telja. Þar sem dómarafulltrúinn hafði ekki hlotið skipun til starfans, hafi hann ekki verið hæfur til að fara með málið og kveða upp dóm í því 18. apríl 1996.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 92/1989, svo sem ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, getur dómsmálaráðherra skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma nánar tilgreindar dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns dómstólsins. Orðalag ákvæðisins verður ekki skýrt svo, að það standi því í vegi, að dómarafulltrúi verði settur um tiltekinn tíma samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins og geti þá haft með höndum þær dómsathafnir, sem hér um ræðir, enda verður að telja, að ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 2. gr. laga nr. 80/1995, taki samkvæmt eðlisrökum þess til setts dómarafulltrúa. Verður því ekki fallist á kröfu um ómerkingu héraðsdóms.

Tiltaka ber refsingu ákærða samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða

hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi. Einnig verður áréttað ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Hólm Jóhannesson, sæti fimm mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. apríl 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 18. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2 í Hafnarfirði af Skúla Magnússyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu S-146/1996: Ákærvaldið gegn Agnari Hólm Jóhannessyni. Málið er höfðað með ákæru, út gefinni 19. mars 1996, gegn Agnari Hólm Jóhannessyni, kt. 081266-3449, Sunnuflöt 30 í Garðabæ.

1) Fyrir að aka fimmtudaginn 21. desember 1995 bifreiðinni R-52152, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis, suður Klapparstíg og austur Njálsgötu, Reykjavík.

2) Fyrir að aka þriðjudaginn 5. mars 1996 sömu bifreið, sviptur ökurétti, vestur Flatahraun, Hafnarfirði.

Telst liður 1) varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., en liður 2) við 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verður dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málsatvikum er nægilega lýst í ákæruskjali.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, er honum er gefið að sök í ákæru og þar er réttilega fært til refsí-
ákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirfarandi refsingum, sem þykja hafa þýðingu í málinu: 20.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í tólf mánuði með sátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 28. september 1987 fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga, 30.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í sex

mánuði með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1988 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga, 35.000 króna sekt með sátt fyrir sýslumanninum í Kjósarsýslu 5. apríl 1989 fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 75.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í þrjú ár með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989 fyrir brot gegn 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 30 daga varðhald með dómi 20. desember 1991 fyrir brot gegn 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 75 daga varðhald og sviptur ökurétti ævilangt með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1992 fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Síðasta brot ákærða var framið 6. febrúar 1992. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfileg 80 daga varðhald. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. þóknun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar hdl., 25.000 krónur.

Skúli Magnússon dómarafulltrúi kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Agnar Hólm Jóhannesson, kt. 081266-3449, sæti varðhaldi í 80 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað að meðtalinni þóknun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar hdl., 25.000 krónur.
